

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 127, 1186

komudagur 12.3.2002

Nefndasvið Alþingis, efnahags- og  
viðskiptanefnd  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

11. mars 2002

Tilvísun: 2002020043

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, 363. mál (innherjavíðskipti).**

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til breytinga á lögum um verðbréfavíðskipti. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru með því lagðar til breytingar á orðalagi ákvæðis verðbréfavíðskiptalaga um bann við innherjasvikum. Er breytingum þessum ætlað að tryggja að ekki leiki vafi á því að innherjum sé óheimilt að eiga víðskipti með verðbréf sem þeir búa yfir trúnaðarupplýsingum um og gildir þá einu hvort um ásetnings- eða gáleysisbrot er að ræða.


Fjármálaeftirlitið styður framgang þessa frumvarps og telur að með nýju orðalagi sé tryggt að markmið með lagasetningu um bann við innherjasvikum náist. Fjármálaeftirlitið hefur verið þeirrar skoðunar að í orðalagi núgildandi ákvæðis þar sem bann er lagt við því að “nýta trúnaðarupplýsingar” hafi ekki falist krafa um ásetning heldur einungis krafa um að viðkomandi innherji hafi keypt eða selt verðbréfm í samræmi við fyrirliggjandi trúnaðarupplýsingar, þ.e.a.s. hafi keypt ef fyrir lágu upplýsingar sem haft gætu áhrif til hækkunar á gengi bréfanna, en selt bentu upplýsingarnar til hins gagnstæða. Fyrirliggjandi héraðsdómur þar sem ákvæði þetta er túlkað á annan veg og sú ákvörðun ríkissaksóknara að áfrýja ekki þeim dómi, leiða þó óhjákvæmilega til þess að þörf er á að breyta lagaákvæðinu til þess að taka af allan vafa hvað þetta varðar.

Með hliðsjón af ofangreindu gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið til breytinga á lögum um verðbréfavíðskipti og styður framgang þess.

Virðingarfyllst,

  
Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Elín Jónsdóttir